




Sjúkrahúspósturinn

Fréttabréf SAK

MARS 2025
1.TBL



Fagmennska og metnaður í fyrirrúmi



Sjúkrahússpósturinn er nýr af nálinni og er ætlað að veita bæði starfsfólki og almenningi innsýn í þá fjölbreyttu, faglegu og metnaðarfullu starfsemi sem fram fer á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Grunngildi SAK eru öryggi, samvinna og framsækni. Öflug og markviss upplýsingagjöf getur skipt miklu máli til að vinna að þeim grunngildum okkar. Í dagsins önn einbeitir fólk sér skiljanlega að sínum störfum og gerir það af mikilli fagmennsku. Það getur þó einnig verið gagnlegt og fróðlegt fyrir okkur öll að vita meira um það sem aðrir eru að fást við innan SAK, þeirrar heildar sem við öll tilheyrum.

Ég hlakka til að sjá Sjúkrahússpóstinn þróast og verða vettvangur fyrir öfluga upplýsingagjöf, fræðslu og innblástur. Ég hvet ykkur öll til þess að fylgjast með og taka þátt.



A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Helga Gunnarsdóttir'.
FORSTJÓRI SAK



Fjórir frá SAK í hlutastarf hjá HHA



Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA) er sameiginlegur vettvangur starfsmanna SAK og HA til eflingar rannsókna í heilbrigðisvísindum. Hlutverk HHA er m.a. að efla SAK sem rannsóknar- og kennslusjúkrahús, stuðla að aukinni rannsóknarsamvinnu, hafa samstarf um upplýsinga-, bókasafns-, tölvu- og upplýsingaþjónustu sem og að standa að sameiginlegum málþingum. Það starfsfólk sem tekur við stöðunum hjá HHA, til þriggja ára, eru:

- Dr. Alexander Kristinn Smárason, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir, prófessor
- Dr. Björn Gunnarsson, svæfingalæknir, dósent
- Dr. Laufey Hrólfsdóttir, deildarstjóri mennta- og vísindadeildar, lektor
- Dr. Ragnheiður Harpa Arnardóttir, sjúkráþjálfari, prófessor

„Samstarf SAK og HA mikilvægt“

Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Lækninga hjá SAK, segir HHA ákaflega mikilvægan vettvang: „Líkt og fram kemur í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 hafa vísindarannsóknir þýðingarmikið hlutverk í þróun heilbrigðisþjónustu, þær styrkja okkar þátt í menntun nema í heilbrigðisfræðum, efla mannauðinn okkar og skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi. HHA er mikilvægur vettvangur SAK og HA, enda eru forsendur góðrar heilbrigðisþjónustu byggðar á rannsóknum og þróun, ásamt möguleikum til að nýta sér þekkingu.“





Örlátir Hollvinir



MYND FV.: Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu, Inga Margrét Árnadóttir, meðstjórnandi, Jóhann Rúnar Sigurðsson, varaformaður Hollvina, Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK, Hermann Haraldsson, gjaldkeri Hollvina, Bjarni Jónasson, meðstjórnandi Hollvina, Jóhannes G. Bjarnason, formaður Hollvina, Bernard Hendrik Gerritsma, deildarstjóri geðdeildar og Valborg Lúðvíksdóttir, aðstoðardeildarstjóri geðdeildar.

Besta mögulega tækni til sjúklinga

Á haustmánuðum afhentu Hollvinir skurðstofum sjúkrahússins tvær glænýjar speglunarstæður sem koma í stað eldri tækja sem voru úr sér gengin. Andvirði stæðanna nemur 28 milljónum króna og styrkir verulega aðstöðu skurðstofanna til að veita skjólstæðingum bestu mögulegu meðferð.

Nýr hitakassi á barnadeild

Barnadeildin fékk nýjan og fullkominn hitakassa af gerðinni Babyleo frá Dräger að gjöf rétt fyrir jól og mun hann bæta meðferð og umönnun á hágæslu nýbura. Nýi hitakassinn er bæði notendavænn og auðveldur í umgengni og leysir af hólmi eldri gerð sem kominn var til ára sinna og ekki lengur hægt að fá varahluti í.

Tvær þvottavélar á speglunardeild

Í október færðu Hollvinir speglunardeild nýjar þvottavélar. Starfsfólk segir mikilvægt að geta haldið úti ristil- og magaspeglunum með almennilegum þvottavélum fyrir tækin.

Gjafirnar skipta sköpum

Á árinu 2024 gáfu Hollvinir Sjúkrahúsinu á Akureyri tækjabúnað að andvirði tæplega 62 milljóna króna. Gjafirnar bæta starfsaðstöðu starfsfólks SAK og gera þeim kleift að bæta þjónustu við sjúklinga. „Gjafirnar skipta sköpum fyrir starfsemina og sýna í verki hversu mikilvægt sjúkrahúsið er í augum samfélagsins okkar,“ segir Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga og tengiliður við Hollvini.

Öndunarmælingatæki til betri greininga

Öndunarmælingatæki til betri greininga Hollvinir gáfu einnig öndunarmælingatæki á rannsóknastofu lífeðlisfræðideildar sem bætir greiningu og meðferð sjúklinga með öndunarvandamál. Nýja tækið (Vintus One) gefur möguleika á mismunandi tegundum öndunarmælinga, s.s. fráblástursmælingu, loftdreifiprófi, mælingu á rúmmáli lungna og sveiflumælingu. Sjúkrahúsið á Akureyri þakkar Hollvinum innilega fyrir þeirra mikilvæga framlag og veittan stuðning. Þessar gjafir endurspeglu einstakan samfélagslegan samtakamátt samtakanna.



Frá afhendingu hitakassa á barnadeild

Geðdeild SAK safnar fyrir segulörvunartæki



Mynd: Akureyri.net: F.v. Árný Berglind Hersteinsdóttir, Brynja Vignisdóttir, Gestur Guðrúnarson, Árni Jóhannesson og Ragnheiður Reykjalín Magnúsdóttir.

Mikilvæg meðferðarúrræði

Dag- og göngudeild SAK leitar eftir stuðningi til að kaupa segulörvunartæki (TMS). Slíkt tæki er mikilvægt meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með alvarlegt þunglyndi, einkum þá sem ekki hafa svarað hefðbundinni lyfja- og samtalsmeðferð að fullu. Tækið kostar samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði rétt rúmlega 9 m.kr.

TMS hefur sannað gildi sitt

Segulörvunarmeðferð (TMS) hefur víða um heim sannað gildi sitt sem örugg og áhrifarík meðferð gegn meðferðarþráu þunglyndi. Fjöldi rannsókna sýnir að um 60% sjúklinga sem fá TMS ná verulegum bata, þar af um 30% fullum bata. Aukaverkanir eru fáar og vara stutt þ.e. á meðan meðferð er gefin. Á Íslandi hefur TMS-meðferð þegar verið tekin í notkun hjá Heilaörvunarmiðstöð Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, með árangri á pari við erlendar rannsóknir. Hins vegar hefur reynt erfitt fyrir einstaklinga á landsbyggðinni að nýta sér meðferðina vegna langrar dvalar fjarri heimahögum.

Aðstöðumunur eftir búsetu

Þrátt fyrir að meðferð á Heilaörvunarmiðstöð í Reykjavík (HÖM) standi öllum landsmönnum til boða höfðu einungis tveir sjúklingar frá landsbyggðinni notið slíkrar meðferðar sl. vor, með meðfylgjandi kostnaði fyrir þá og Sjúkratryggingar Íslands, enda þurftu þeir að dvelja á sjúkrahótelum þær 6 vikur sem meðferðin stóð yfir. Starfsmenn Geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri hafa reynt að vísa sjúklingum til HÖM en hingað til hefur enginn okkar sjúklinga getað nýtt sér þessa meðferð f.o.f. þar sem þeir hafa ekki getað dvalið fjarri heimahögum þær 6 vikur sem meðferðin stendur.

Mikilvægur ávinningur

Með kaupum á TMS-tæki getum við boðið upp á þessa gagnlegu meðferð í heimahéraði fyrir Norðurland. Starfsmenn okkar hafa þegar öðlast viðeigandi þekkingu og sérhæfingu með því að sækja námskeið sem styrkt var af Geðverndarfélagi Akureyrar í gegnum The Academy of Brain Stimulation við Maastricht University í Hollandi, auk þess sem góður samstarfsvilji er fyrir hendi við Heilaörvunarmiðstöðina varðandi fræðslu og ráðgjöf.



Miðstöð sjúkraflugs:

Þungar áhyggjur vegna sjúkraflugs



„Eins og fram kemur í sameiginlegri yfirlýsingu okkar hjá Miðstöð sjúkraflugs, þá höfum við þungar áhyggjur af þeim takmörkunum sem blasa við á Reykjavíkflugvelli, enda getur óheft aðgengi sjúkraflugvéla að flugvellingum í sumum tilfellum verið lífsspursmál fyrir veika og slasaða.“ Segir Chris Wolffensperger, yfirlæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Yfirlýsing Miðstöðvar Sjúkraflugs

„Þann 10. janúar sl. var tilkynnt um verulegar takmarkanir á flugumferð um Reykjavíkflugvöll. Sú takmörkun er fólgin í lokun tveggja flugbrauta í myrkri vegna áhrifa trjágróðurs á aðflugs- og brottflugsfleti umræddra flugbrauta. Miðstöð sjúkraflugs á Íslandi lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þessara takmarkana, enda er óheft aðgengi sjúkraflugvéla að Reykjavíkflugvelli í mörgum tilfellum lífsnauðsynlegt fyrir veika og slasaða af stærstum hluta landsins. Á hverju ári eru fluttir 950 til 1000 sjúklingar með sjúkraflugi, þ.e. flugvélum, þar af um 630-650 til Reykjavík. Í um 45% tilfella er um að ræða sjúklinga sem nauðsynlega þurfa að komast í bráðþjónustu á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, þar með talið sjúklingar sem þurfa að komast í tímaháð inngrip, s.s. vegna bráðra kransæðaprenginga, heilablóðfalla og háorkuáverka.

Í slíkum tilfellum er ástand sjúklinga með þeim hætti að lengdur flutningstími sem myndi hljóttast vegna flutnings frá Keflavíkflugvelli getur dregið verulega úr í þeim tilfellum sem ekki teljast bráð er ljóst að umræddar takmarkanir á notkun Reykjavíkflugvallar munu hafa verulega hamlandi áhrif á aðgengi sjúklinga á landsbyggðinni að heilbrigðisþjónustu og fráflæði sjúklinga frá Landspítala.

Gögn um starfsemi sjúkraflugs árið 2024 sýna að a.m.k. 15% sjúkrafluga um Reykjavíkflugvöll eiga sér stað í myrkri og þar af er umtalsverður hluti um þær flugbrautir sem nú hefur verið lokað. Það er því ljóst að lokanir umræddra flugbrauta munu hafa áhrif á batahorfur og lífslíkur tuga sjúklinga ár hvert og er á skjön við lög um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Miðstöð sjúkraflugs á Íslandi bendir á að mikilvægt sé að Reykjavíkurborg og önnur yfirvöld sem hafa með málið að gera leiti allra leiða til úrbóta málsins. Aðilar að Miðstöð sjúkraflugs á Íslandi eru Slökkvilið Akureyrar, Sjúkrahúsið á Akureyri og Norlandair.”



Fyrsta árið í starfi



Hjúkrunarfræðingum sem eru að hefja störf á SAK er boðið að taka þátt í verkefninu „Fyrsta árið í starfi“. Um er að ræða miðlægt verkefni í umsjón Mennta- og vísindadeildar í samvinnu við aðra sjúklingatengda starfsemi á SAK. Hrafnhildur Lilja fræðslustjóri og Áslaug verkefnastjóri fræðslumála halda utan um verkefnið.

Verkefninu er ætlað að styðja við aðlögun og nýliðafræðslu sem hjúkrunarfræðingar fá á sinni heimadeild. Viðburðir tengdir „Fyrsta ári í starfi“ eru alla jafna tvo daga í mánuði.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er fjölbreytt, þá sér í lagi að styðja við aðlögun og starfsþróun hjúkrunarfræðinga á fyrsta ári í starfi. Von okkar er sú að þannig sé hægt að efla öryggi, þekkingu og færni, á sama tíma og hjúkrunarfræðingar fái tækifæri til að kynnst samstarfsfólki og starfsemi annarra deilda.

Gert er ráð fyrir að viðburðir tengdir “Fyrsta ári í starfi” séu að öllu jöfnu tvo daga í mánuði. Þar sem annar dagurinn er náms- og þjálfunardagur og hinn áætlaður fyrir kynningar á deildum sjúkrahússins ásamt þátttöku í umræðufundum “Stuðningur í starfi”. Leiðbeinendur koma frá þátttökudeildum hverju sinni.

Námsefnið sem tekið er fyrir á náms- og þjálfunardögum tekur mið af starfsumhverfi SAK og styður hjúkrunarfræðinga í að ná hæfniviðmiðum deilda. Viðfangsefnið geta verið allt frá viðbrögðum við bráðum tilfellum að samtalstækni.

NÝTT framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga!



HJÚKRUN EINSTAKLINGA MEÐ HJARTASJÚKDÓMA EÐA SYKURSÝKI

Taktu skrefið í þinni starfsþróun! Háskólinn á Akureyri kynnir nýtt framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga. Námið veitir sérfræðipækkingu í hjúkrun og er byggt á hæfniviðmiðum Evrópska hjartahjúkrunarfélagsins og Alþjóðasykursýkissambandsins. Þú velur þína sérhæfingu: hjúkrun einstaklinga með hjartasjúkdóma eða hjúkrun einstaklinga með sykursýki.

Námið er ætlað hjúkrunarfræðingum sem

- Vilja efla sérfræðipækkingu sína og klíniska færni
- Langar að taka næsta skref í faglegri þróun
- Hafa áhuga á rannsóknum og þróun heilbrigðisþjónustu

Tækifæri að námi loknu

- Sérhæfð störf innan heilbrigðiskerfisins á sjúkrahúsum og heilsugæslum
- Kennsla og fræðsla í háskólum
- Frekara nám á doktorsstigi

Inntökuskilyrði

- BSc í hjúkrunarfræði með lágmarkseinkunn 7,0
- Starfsleyfi frá Embætti landlæknis
- Að hámarki átta teknir inn á hvora sérhæfingu annað hvert ár

Gott að vita:

- Námið er kennt í HA í samstarfi við HÍ
- Skyldunámskeið kennd við HA og HÍ þú getur tekið valnámskeið erlendis
- Klínískt nám fer fram á sjúkrahúsum og heilsugæslum, innanlands og erlendis
- Meistaraverkefni er 30 ECTS einingar, valeiningar 10-15 ECTS

2 ára nám
120 ECTS einingar
Lotubundið og sveigjanlegt

Opið er fyrir umsóknir frá
1. mars til og með 5. júní á unak.is



Styrkir, fyrirtækjaþing og kynning



Styrkur frá Samstarfssjóði háskólanna

Í fyrra var veittur 17 milljóna króna styrkur frá Samstarfssjóði háskólanna til að efla klíniska lyfjafræði á Akureyri og að auki undirbyggja að hluti sérnáms í klínískri lyfjafræði geti farið fram á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Um er að ræða samstarfsverkefni Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu.

Halla Laufey Hauksdóttir, klínískur lyfjafræðingur á Landspítala, fer núna á vormisseri einu sinni í mánuði, viku í senn, norður til Akureyrar að starfa á sjúkrahúsinu þar.

Á myndinni eru Halla Laufey Hauksdóttir, klínískur lyfjafræðingur, Jóna Valdís Ólafsdóttir, deildarstjóri lyfjapjónustu á Sjúkrahúsinu á Akureyri, og Friðbjörn Sigurðsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum.



Fyrirtækjaþing Akureyrar

Fulltrúar Sjúkrahússins á Akureyri tóku þátt í Fyrirtækjaþingi Akureyrar í Hofi, en þingið er samstarfsverkefni Akureyrbæjar og SSNE.

Fulltrúar á fimmta tug fyrirtækja og stofnana komu saman og ræddu framtíð atvinnulífsins á svæðinu. Rætt var um helstu kosti og áskoranir sem fylgja rekstri fyrirtækja og stofnana á Akureyri, sem og tækifæri til framtíðar

Niðurstöðurnar á að nýta við endurskoðun á atvinnukafla aðalskipulags Akureyrbæjar og yfirferð á samkeppnisgreiningu fyrir sveitarfélagið

Kynning fyrir hjúkrunarfræðinema HA og sjúkrahjálfanema HÍ

Hress hópur nemenda á þriðja ári í hjúkrunarfræði við HA mætti á kynningu hjá Birtu Maríu Jónsdóttur og Kristjáni Þórarni Ingibergssyni, hjúkrunarfræðingum á lyflæknadeild, sem fræddu þau um starfsemi SAK og verkefnið „Fyrsta árið í starfi“.

Sjúkrahjálfarar á SAK tóku á dögnum á móti vöskum hópi sjúkrahjálfanema frá HÍ. Nemarnir voru norðanheiða í vísindaferð og fengu kynningu á fjölbreyttu og öflugum starfi sjúkrahjálfara á Kristnesi. Nemarnir voru mjög ánægðir með kynninguna og heilluðust af aðstöðunni og umfangi starfseminnar sem fram fer á Kristnesi





„RANNSÓKNIR ERU GRUNNUR FRAMFARA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU“



Trillusjómaður þar til hann varð læknir

Alexander Kristinn Smáráson, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir og prófessor, bjó í æsku á Hellissandi og Rifi á Snæfellsnesi. Öll sumur frá 15 ára aldri var hann trillusjómaður, allt þar til hann fór að vinna sem læknir. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, lauk Læknaprófi frá Háskóla Íslands og doktorsprófi frá Háskólanum í Oxford, var í sérfræðinámi í Oxford og tók sérfræðipróf í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum frá Royal College of Obstetricians and Gynaecologists London, Englandi. Hann hóf störf á SAK 1999 og var forstöðulæknir 2002 til 2025. Í félagsmálum hefur hann verið formaður félags íslenskra fæðinga og kvensjúkdómalækna og starfað lengi innan samtaka félaga fæðinga og kvensjúkdómalækna á Norðurlöndunum og er núna forseti sambandsins.

Ætlaði ekki að verða kvensjúkdómalæknir!

Inntur eftir því hvað hann vildi verða þegar hann yrði stór er ljóst að það hvarflaði ekki að ungum Alexander að hann yrði fæðinga- og kvensjúkdómalæknir: „Mig langaði að verða jarðfræðingur þegar ég yrði stór, sem breyttist á menntaskólaaldri í að ég ákvað að verða læknir – þó ekki kvensjúkdómalæknir! Það breyttist eftir þrjú ár í læknisfræði, í rannsóknum á ónæmisfrumum í blóði og legi þungaðra kvenna. Þá var ég að hugsa um að verða lyflæknir með sérhæfingu í vandamálum á meðgöngu, en slíkt sérnám var ekki til, svo ég valdi að verða fæðingarlæknir með áherslu á meðgöngusjúkdóma. Í sérnámi lagði ég áherslu á rannsóknir á meðgöngueitrun, að annast konur með mismunandi meðgöngusjúkdóma og vandamál tengd fósturunni (maternal og fetal medicine).“

Vísindavinna skemmtileg

Rannsóknarefni Alexanders nú er þróun þyngdar og þyngdaraukningar kvenna á meðgöngu og áhrif á útkomu fæðinga og áhrif geðlyfja á útkomu fæðinga: „Ég er í doktorsnefndum nema sem eru að rannsaka andvanafæðingar og vöxt/fæðingarþyngd íslenskra fóstura/barna. Fagrýni fæðinga hér á SAK og á Íslandi með áherslu á notkun á fagrýni með 10 hópa kerfi Robsons. Ég er því tengt einn af ritstjórum fæðingarskrárinnar á Íslandi og fulltrúi Íslands í Europeristat.“

Alexander segir vísindavinnu skemmtilega: „Ég hef alltaf verið mjög forvitinn og langaði að skilja alla hluti. Síðan finn ég og trúi að rannsóknir séu grunnur framfara í heilbrigðisþjónustu.“



Er með veiðibakteríuna

Utan vinnu segist Alexander hafa gaman af því að lesa bækur og það hafi verið mikil breyting þegar hann hætti að lesa læknisfræði á kvöldin „Þegar tækifæri gefst heimsækjum við börn og barnabörn í Reykjavík og London. Ég nýt þess að hlusta á klassíska tónlist og hef gaman af því að smíða og ditta að heima. Ég er með veiðibakteríuna, hnýti flugur á veturna og reyni að komast í veiði á sjó og í ám á sumrin.“



Alexandir við Steinmenn með dóttur og afabörnum



Aukin þjónusta við nýrnasjúklinga á SAK



Frá vinstri: Sólveig Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri blóðskilunar SAK. Fjölur Elvarsson, nýrnalæknir á LSH. Jóhanna María Oddsdóttir, nýrnahjúkrunarfræðingur. Inga Margrét Skúladóttir, deildarstjóri dagdeild lyflækninga (leysir af Þórdísi Rósu Sigurðardóttur). Guðjón Kristjánsson, forstöðulæknir lyflækningadeildar.

Bætt þjónusta heima í héraði

Talsverður fjöldi fólks sem er búsettur á Norðausturlandi hefur hingað til þurft að fara suður yfir heiðar til að hitta nýrnalækni. Mánaðarlega má gera ráð fyrir því að 20-25 einstaklingar hafi þurft að ferðast suður í þeim erindagjörðum. Nú er formlega hafinn undirbúningur á því að framvegis munu nýrnalæknar frá Landspítalanum koma á SAK á sex vikna fresti, tvo daga í senn.

Fagnaðarefni

„Þetta er mikið fagnaðarefni, enda hefur þetta verið stefnan allt frá því að blóðskilun hófst á SAK fyrir um áratug. Við viljum auðvitað eftir fremsta megni geta boðið fólki af okkar starfssvæði upp á þjónustu hér, fremur en að það þurfi að leggja á sig ferðalag suður“ segir Guðjón Kristjánsson, forstöðulæknir lyflækningadeildar SAK.

„Það er að sjálfsögðu gleðiefni og vert að taka fram að það er algjört lykiltríði að á SAK eru starfandi mjög öflugir hjúkrunarfræðingar, sem eru og verða mikilvægur hluti af þeirri teymisvinnu sem nauðsynleg er.“ segir Fjölur Elvarsson, nýrnalæknir á LSH.

Markmiðið

Markmiðið er að Móttaka hjúkrunarfræðings verði opin vikulega/hálfsmánaðarlega þess á milli. „Í starfi okkar hjúkrunarfræðinga verður áhersla lögð á forvinnu, skimanir, símtöl, fræðslu og ráðgjöf. Auk þess munum við sjá um hluta af eftirfylgni fyrir og eftir nýrnaígræðslu, í samvinnu við sérfræðinga. Við teljum að þessi samvinna muni auka lífsgæði bæði sjúklinga og aðstandenda þeirra. Þá er verkefnið ekki síður mikilvægt fyrir fagfólk, enda eykur öflug samvinna LSH og SAK sérþekkingu og þjónustu í heimabyggð“ segir Jóhanna María Oddsdóttir, nýrnahjúkrunarfræðingur.

Ávinningurinn margvíslegur

Ávinningur verkefnisins er margvíslegur. „Við teljum að með þessum hætti getum við bætt þjónustu við einstaklinga með nýrnasjúkdóma og fyrir þá einstaklinga sem nú þegar hafa þurft á þjónustu nýrnalækna að halda. Ásamt því að draga úr kostnaði, bæði fyrir skjólstaðinga og samfélagið, getum við létt á legudeildum með færri innlögnum og/eða útskrifað einstaklinga fyrr af legudeild, segir Sólveig Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri blóðskilunar SAK.

Með því að leggja af stað í svona sameiginlegt verkefni með það að leiðarljósi að auka lífsgæði sjúklinga og aðstandenda má gera ráð fyrir fjölbreyttum ávinningi fyrir samfélagið, bæði fyrir skjólstaðinga, fagfólk og hið opinbera.



Kjarasamningur lækna undirritaður

Kjarasamningar lækna voru undirritaðir 28. nóvember 2024. Kjarasamningurinn er gerður á grundvelli kjarasamninga sem undirritaðir voru á almennum vinnumarkaði vorið 2024 sem og kjarasamningum sem þegar hafa verið samþykktir á opinberum vinnumarkaði, svokölluðum stöðugleika- og velferðarsamningum. Hann kveður á um innleiðingu betri vinnutíma lækna en samið var um betri vinnutíma flestra annarra stétta ríkisstarfsfólks á vordögum 2019 og tímabundin ákvæði þeirra samninga færð í miðlægan kjarasamning vorið 2024.



Markmið samninganna

Markmið breytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi lækna og auka möguleika þeirra á að samþætta betur vinnu og einkalíf. Breytingunum er einnig ætlað að auka stöðugleika í mönnun hjá stofnunum ríkisins, að draga úr yfirvinnu, að bæta öryggi og þjónustu við almenning og gera störf lækna hjá ríkinu eftirsóknarverð.

Gert er ráð fyrir að undirbúningi og innleiðingu samnings ljúki fyrir gildistöku sem er 1. apríl 2025.

Innleiðingarhópur tekinn til starfa

Innleiðingarhópur SAK mun funda vikulega með stýrihópi, en formaður stýrihóps er Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá Landspítala.

Í innleiðingarhópi SAK eru:

- Kristinn Þór Rósbergsson, teymisstjóri launamála
- Erla Björnsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs
- Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga
- Helgi Þór Leifsson, framkvæmdastjóri klínískrar þjónustu
- Ragnheiður Baldursdóttir, yfirlæknir fæðinga- og kvensjúkdómalækninga
- Helga Björk Heiðarsdóttir, sérnámslæknir

Heimsókn og starfshópar

Heimsókn heilbrigðisráðherra á SAK

Alma Möller heilbrigðisráðherra, Eydís Ásbjörnsdóttir þingmaður NA-kjördæmis, og Jón Magnús Kristjánsson aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra heimsóttu SAK í dag. Hildigunnur Svavarsdóttir forstjóri SAK og Alma Möller heilbrigðisráðherra segja heimsóknina hafa verið ákaflega ánægjulega.



Rétt þjónusta á réttum stað



Starfshópur sem fjallað hefur um stöðu eins af meginmarkmiðum heilbrigðisstefnu, um að veita rétta þjónustu á réttum stað, hefur skilað Ölmú D. Möller heilbrigðisráðherra skýrslu með niðurstöðum sínum og tillögum. Gylfi Ólafsson, formaður starfshópsins, ásamt fleiri fulltrúum hópsins kynntu ráðherra skýrsluna á fundi í ráðuneytinu í vikunni. Helgi Þór Leifsson sat í starfshópnum, tilnefndur af SAK.

Skilgreina hlutverk SAK sem varasjúkrahús

Alma Möller, heilbrigðisráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að vinna að nánari skilgreiningu og hlutverki varasjúkrahúss með tilliti til viðbragðsáætla, neyðarviðbragða, þjóðaröryggisráðs, sjúkraflutninga, rannsóknarþjónustu og laga um heilbrigðisþjónustu. Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK, mun taka sæti í starfshópnum. Hún segir það sannarlega fagnaðarefni að ráðherra hafi ákveðið að skipa starfshópin „Það skiptir okkur ákaflega miklu máli að hlutverk SAK sem varasjúkrahús landsins sé skýrt, enda höfum við mikinn metnað til að sinna okkar hlutverki af fagmennsku og heilindum, til heilla fyrir þjóðina alla“ segir Hildigunnur að þessu tilefni.





Mikil ánægja með viðmót starfsfólks á bráðamóttöku SAK



Sjúkrahúsið á Akureyri sendi út þjónustukönnun til notenda bráðamóttökunnar í árslok 2024. Könnunin var send út á 961 aðila og var svarhlutfallið 18,1%.

Fyrstu niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós almenna ánægju þeirra sem sóttu þjónustu þar.

Helstu niðurstöður:

- Heildaránægja:
- 84% þátttakenda lýstu þjónustunni sem mjög eða frekar góðri, en aðeins 9% töldu hana slæma. Meðaleinkunn fyrir heildaránægju var 4,2 af 5.
- Viðmót starfsfólks:
- 90% þátttakenda voru ánægðir með viðmót starfsfólks. Meðaleinkunn fyrir viðmót var 4,5 af 5.
- Áreiðanleiki upplýsinga:
- 79% svarenda sögðu upplýsingar bráðamóttökunnar vera áreiðanlegar en 13% töldu upplýsingarnar óáreiðanlegar. Einkunnin var 4,0 af 5.
- Hraði þjónustu:
- Einungis 61% þátttakenda töldu þjónustuna ganga hratt fyrir sig og 27% lýstu henni sem hægri. Þetta er veikasti þátturinn í könnuninni með einkunnina 3,4 af 5.

Helstu ábendingarnar um það sem betur mætti fara var um biðtíma og skort á samræmdri upplýsingagjöf. Hins vegar var ánægja með viðmót starfsfólks mikil og margir lýstu því sem framúrskarandi.

“Niðurstöðurnar staðfesting á gæðum þjónustunnar”

„Það er einkar ánægjulegt að sjá jákvæðar niðurstöður sem eru mikilvæg staðfesting á gæðum þjónustunnar. Slíkar kannanir eru okkur afar dýrmætar, þar sem þær gefa okkur tækifæri til að hlusta á upplifun notenda og vinna markvisst að umbótum fyrir enn betri þjónustu,“ segir Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri.





Komdu í lið með okkur



Lífið á SAK - samhugur, kraftur og öflugur mannauður!

“Störfín á SAK eru afar fjölbreytt, og við búum yfir dýrmætum mannauði sem hefur mikla fagþekkingu og hjartað á réttum stað. Við hófum herferðina “Komdu í lið með okkur!” til að bæta ímynd og löðun og kynna Sjúkrahúsið á Akureyri sem öflugan og framsækinn starfsvettvang. Markmiðið var að varpa ljósi á fjölbreytt og verðmæt störf og sýna hvað gerir SAK að eftirsóknarverðum vinnustað. Starfsfólkið okkar stóð sig frábærlega, og herferðin hefur slegið í gegn! Umsóknum hefur fjölgað, fleiri hafa gengið til liðs við okkur og sumarráðningar ganga framar vonum - sem er frábært, segir Kristjana Kristjánsdóttir, deildarstjóri mannauðsdeildar.

Óteljandi kostir

“Það eru fjölmargir kostir við að vinna á SAK. Þetta er að mínu mati fullkomin stærð á vinnustað - samskiptin eru persónuleg og öflug liðsheild, störfín fjölbreytt og við byggjum upp öflugt lærdómssamfélag innan sjúkrahússins, sem er ómetanlegt”, segir Kristjana.

Heilsustyrkir og Velferðartorg

“Við bjóðum starfsfólki okkar upp á heilsustyrk og svokallað Velferðartorg, sem getur reynst því vel í krefjandi vinnuumhverfi. Velferðartorgið veitir starfsfólki aðgang að 15 mismunandi meðferðaraðilum, þar á meðal sálfræðingum, heilsu- og sjúkranuddurum, markþjálfara, kírópraktor, o.fl. Auk þess sem hægt er að nýta tímana í líkamsrækt. Velferðartorgið er starfsfólki SAK að kostnaðarlausu, allt að þrjú tímur á ári.” segir Kristjana enn fremur.



Viltu vera hluti af öflugu teymi?

Öll laus störf hjá sjúkrahúsinu eru auglýst á www.sak.is og á Starfatorgi.

Hvet áhugasama til að kynna sér þau fjölbreyttu tækiaeri sem í boði eru og endilega vera í samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna.

Hlakka til að heyra frá þér!

[Smelltu hér og upplifðu stemminguna á SAK!](#)



Fræðsla fyrir starfsfólk

Hvað er fram undan?



Starfsþróun er ferli til að þróa færni starfmanna m.t.t. þarfa starfsfólks og vinnustaðarins, hún spannar allan starfsferil fólks frá upphafi til starfsloka. Fræðslu- og starfsþróunaráætlun byggir á ítarlegri þarfagreiningu vinnustaðarins og starfsfólks þar sem leitast er við að byggja upp þekkingu og hæfni starfsfólks til framtíðar m.t.t. síbreytilegs umhverfis og aukinna krafna.

Fræðsla fyrir starfsfólk SAK í mars

- 11. mars: Líknarmeðferð erindi og vinnustofa
- 12. mars: Fyrsta árið í starfi - náms og þjálfunardagur
- 12. mars: Færnikennsla BMT
- 13. mars: Sérhæfð endurlífgun barna II EPALS
- 14. mars: Sérhæfð endurlífgun barna II EPALS
- 17. mars: Gervigreind í starfi - erindi
- 19. mars: Fyrsta árið í starfi - stuðningur í starfi og deildarkynning
- 19. mars: Hermikennsla á bráðamóttöku
- 20. mars: Þverfagleg hermikennsla
- 24. mars: Gervigreind í starfi - vinnustofa
- 26. mars: Tækjadagur barnadeildar
- 28. mars Gjörgæsludagur



FJÖR FRAM UN DAN: ÁRSHÁTÍÐ SAK



Árshátíðarnefndin, á myndina vantar Sóley

„Við erum ótrúlega spennt fyrir árshátíð SAK sem fram undan er, enda er árshátíð sjúkrahússins þekkt fyrir að vera mögnuð veisla,“ segja skipuleggjendur hátíðarinnar.

Í undirbúningsnefndinni eru: Vaka Arnþórsdóttir, Sólv eig Dalrós Kjartansdóttir, Gunnhildur Helgadóttir, Sóley Ösp Sverrisdóttir, Sigríður Jóna Pálsdóttir og Katrín Sól Guðmundsdóttir.

Ha? Er grímuskylda?

Þemað í ár er Masquerade Gala, þannig að á ný er grímuskylda! „Við vildum endilega gera eitthvað skemmtilegt sem gæti höfðað til allra. Þannig að nú er bara að redda sér flottu dressi og grímu og mæta með góða skapið,“ segir undirbúningsnefndin eituhressa.



LAUGARDAGUR

22. MARS 2025

ÁRSHÁTÍÐ SAK

ÞEMAD ER GALA MASQUERADE

FYRIR FÉLAGA
GLAUMI
5.990,- KR.
ALMENNT
MIDAVERÐ
11.990,- KR.



EMMSJÉ GAUTI

VEISLUSTJÓRI
ATLI ÞÓR ALBERTSSON
SKEMMTIATRÍÐI
HAPPDRETTI

HLJÓMSVEITIN
ÁSTARPUNGARNIR
LEIKA FYRIR DANSI

HÚSIÐ OPNAR

18:00

Með fordrykk

BORÐHALD HEFST

19:00

STAÐSETNING

Íþróttahöllin

Skólastíg

Veitingar frá RUB23 og Bautanum

VISIT US ONLINE

- Enjoy huge savings
- Free home delivery
- Get your copy before everyone else



Veitingar kvöldsins



Tveggja rétta hátíðarkvöldverður í hlaðborðsstíl

Kaldir réttir:

Rub23 sushi, fjölbreitt úrval af sushi-rúllum og hrísgrjónakoddum
Þorskur í szechuan-miso rub
Tígrisrækjur marineraðar í kimchi
Nautatataki í ponzu sósu
Meðlæti með forréttum – Sesam salat, kimchi, mangó salsa, ponzu sósa

Heitir réttir:

Kalkúnabringa í sinnepsmarineringu
Nautalundir marineraðar í Rub23 grillgljáa

Meðlæti og sósur:

Smælki kartöflur, graslaukur
Brokkilíni, ponzusósa, ristuoð sesamfræ
Gulrætur, hunang, timian,
Sætkartöflsalat, fetaostur, rauðlaukur, trönuber, steinselja
Bérnaisesósa og sveppa soðgljái

*Enginn desert - kaffi sett upp á kaffiborð ásamt konfekt.
Snakk á öllum borðum. Bar með fjölbreytt úrval drykkja.*

